

Flugslysaæfing Keflavíkurflugvelli maí 2016 Lokaskýrsla



Isavia
Lögreglan á Suðurnesjum
Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra

1 Efnisyfirlit

2	Frá æfingastjóra.....	2
3	Markmið	4
4	Undirbúningur og framkvæmd.....	5
4.1	Þriðjudagur 17. maí	5
4.2	Miðvikudagurinn 18. maí.....	5
4.3	Fimmtudagurinn 19. maí.....	5
4.4	Laugardagurinn 21. maí.....	5
4.4.1	Helstu tímasetningar	6
4.5	Niðurstaða æfingastjórnar.	7
4.6	Æfingastjórn	7
4.7	Þátttaka	7
4.8	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	7
4.9	Veður	12
5	Rýni.....	13
5.1	Ráðgjafar	13
5.1.1	Ráðgjafi Vettvangsstjórnar.	14
5.1.2	Ráðgjafi björgunarstjóri.....	14
5.1.3	Ráðgjafi aðhlyning og fjöldahjálp	14
5.1.4	Ráðgjafi flutningsstjóra.....	14
5.1.5	Leikarar og förðun	14
5.2	Rýnifundur	14
5.3	Samantekt lærdóms flugslysæfingarinnar.....	14
5.3.1	Það sem vel var gert	14
5.3.2	Það sem betur hefði mátt fara	15

2 Frá æfingastjóra

Á þriðjudeginum var haldið fundur í húsi björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð. Þetta var námskeið fyrir þá sem búa á Reykjavíkursvæðinu og ætla að leika sjúklinga á æfingunni.

Á miðvikudeginum fyrir æfinguna var haldinn skrifborðsæfing. Aðgerðastjórn var í húsnæði AS, verkþáttastjórar einnig í sama húsi en vettvangsstjórn í vettvangsstjórnarbíl utanhúss. Æfingin gekk þokkalega fyrir sig og sannaði enn nauðsyn slíkra æfinga. Óviðunandi var að aðhlynningarstjóri mætti ekki og einnig var aðstaða verkþáttastjóra sem unnu við uppsettan vettvang of lítil til þess að hún gengi upp. Á næstu æfingu verður að breyta til og tryggja að allir stjórneiningar hafi nægilegt rými og að öll samskipti milli eininga fari fram á Tetra en það er aðeins hægt að lausnareiningar séu ekki í hlustunarfæri hvor við aðra. Til dæmis verður söfnunarsvæði slasaðra (SSS) að vera í sér herbergi.

Seinnipart sama dags var haldin fræðslufundur í Háaleitisskóla í Ásbrú en á þann fund voru boðaðir allir þeir sem tækju þátt í æfingunni. Haldnir voru stuttir fyrirlestrar um efni sem á einn og annan hátt snéru að æfingunni svo sem fjarskipti, þyrluungengni, rannsókn flugslysa, heilbrigðismál og fleira. Mæting var allþokkaleg. Það er þó ljóst að þetta er ef til vill ekki rétta aðferðin til þess að ná til flestra sem taka þátt. Það eru miklar fjarlægðir milli viðbragðsaðila á Kjalarnesi, Mosfellsbæ, Reykjavíkursvæðis og bæja dreifðra á Reykjanesi og tæplega hægt að ætlast til eða búast við að margir leggi slíkt ferðalag á sig og það tvisvar. Líklega væri betra að sleppa slíkum fundi en nota þær leiðir sem „allir“ nota til að mynda Fésbókina til þess að ná til sem flestra með upplýsingar og fræðsluefni sem snýr að björgunar- og viðbragðsaðilum.

Um kvöldið var í björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð haldið námskeið

Miðvikudeginum lauk með námskeiði í slysaförðun og haldið var haldið í húsnæði Björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð. Þarna voru þeir mættir sem sú um förðun sjúklinga á æfingunni og einnig sjá þeir um eftirlit með leikurunum alla æfinguna og sjá til þess að öryggi og velferð þeirra sé gætt eins og hægt er.

Fimmtudag síðdegis var svo æfingin sett í Háaleitisskóla. af lögreglustjóranum á Suðurnesjum, Ólafi Kjartani Helgasyni. Þar var farið yfir handrit æfingarinnar, vettvangsmál, öryggismál, gestaprógram og stjórnun og bakland æfingarinnar.

Deginum lauk með kynningu fyrir þá sem búa á Reykjanesvæðinu og ætla að leika sjúklinga á æfingunni.

Æfingin hófst nokkru seinna en áætlað hafði verið. Orsökina var seinkun á að koma sjúklingum fyrir á æfingarsvæðinu. Leikararnir voru alls 110 talsins og mikil vinna er að halda utan um förðun, fóðrun, merkingar, kennslu í hegðun miðað við áverka og flutning á slyssað og að koma hverjum og einum á þann stað sem ákveðið hafði verið.

Slysavettvangurinn var norð-vestan við brautarenda 02 í gömlum malarnámum. Þarna var ákjósanlegt svæði sem bauð upp á ögrandi uppsetningu slyssaðar. Okkar menn höfðu komið fyrir rútabíl við enda stórs skurðar sem þeir höfðu grafið og átti að vera ummerki eftir flugvélin. Vítt og breytt loguðu eldar í bílflökum og olíueldar á nokkrum stöðum og á einum

stað var komið fyrir stórum lið-strætisvagni sem hluta flaks. Í heildina var vettvangurinn gerður af metnaði með það í huga að hann gæti bæði endurspeglað hugsanlegan slysstað og verið um leið ögrandi verkefni fyrir alla þær viðbragðseiningar sem mæta myndu á staðinn.

Æfingin hófst klukkan tíu með boðun flugturns „hættustig-rautt“ um klukkustund áður en til stóð að viðbragðsaðilar mættu á slysstað. Þetta var gert til þess að allir þátttakendur æfingarinnar væru mættir á sína pósta og til í slaginn. Þetta var æfingarlegs eðlis til þess að raunverulegur tímamismunur viðbragðsaðila yrði ekki til þess að æfingin væri langt liðin þegar þátttakendur sem lengst þurftu að sækja mættu.

Í stórum dráttum gekk æfingin vel fyrir sig en ekki hnökralaust. Langur tími leið þar til vettvangurinn var lýstur öruggur og biðu viðbragðssveitir uppundir einn og hálfan klukkutíma aðgerðarlausir. Æfingarlega gerði æfingin sitt gagn og hafa ber í huga að þetta var stór æfing með stórum vettvangi og miklum fjölda sjúklinga.

Söfnunarsvæði. Söfnunarsvæði sjúklinga hefur verið flutt úr skýli Icelandair og í skýli Landhelgisgæslunnar (831). Þetta er gríðarstórt skýli þar sem öll ökutæki geta ekið inn til lestunar eða losunar á sjúklingum. Búið var að undirbúa hluta þess sem móttöku og greiningarstöð og búa það búkkum og ýmsum smærri búnaði auk þess að merkja svæðin vel. Miðað við gefnar forsendur reyndist söfnunarsvæðið of lítið og mynnti um margt á vandann sem við var að glíma á síðustu æfingu. Auðvelt ætti að vera að bæta út ágöllum á nýja svæðinu þar sem það gefur mikla möguleika.

Söfnunarsvæði aðstandenda er í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Icelandair hafði þar mikinn viðbúnað ásamt Rauða krossinum. En líkt og á síðustu hefði þurft fleiri aðstandendur til þess að skapa raunverulegt álag þótt kerfislega hafi það gengið upp.

Landhelgisgæslan kom með Dash vél sína og parkeraði henni fyrir utan Söfnunarsvæði slasaðra. Lék hún hlutverk flugbrúar í æfingunni. Einnig var gæslan með þylu og flutti hún nokkurn hóp sjúklinga frá söfnunarsvæði yfir á ætlað sjúkrahús sem var Háaleitisskóli í Ásbrú.

Niðurstaða. Æfingin gekk í heildina vel og hafði ótvírætt æfingargildi. Ýmsir hnökrar komu upp. Slíkt er fullkomlega eðlilegt. Greina þarf á milli hnökra sem voru einungis æfingarlegs eðlis og þeirra sem voru kerfislegs eðlis. Að þessu sinni var ekki haldinn rýnifundur heldur bauðst öllum þátttakendum að taka þátt í skoðunarkönnun á „netinu“ í lok æfingar þar sem þeir gátu tjáð sig um árangur æfingarinnar og gefið henni einkunn.

3 Markmið

Flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar hefur tekið stakkaskiptum síðustu misseri, starfsvæði voru færð á eystrahlað, bæði MÓT og SSS eru mikilvæg starfssvæði og nauðsynlegt að æfa notkun þeirra ásamt því að alltaf er markmið að stefna saman öllum þeim viðbragðsaðilum sem taldir eru upp í flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll og fá þá til að vinna saman við björgun mannlífa úr flugslysi. Flugslysaáætlun fyrir Keflavíkurflugvöll var handritið sem lá til grundvallar um verkefni og skyldur hvernar viðbragðseiningar. Það er ekki markmið í sjálfu sér að menn æfi það sem þeir kunna, heldur að fá menn úr ólíkum viðbragðseiningum til þess að vinna saman, hlið við hlið og mynda það eðlilega flæði sem til þarf til þess að ferillinn „sjúklingur á slysstað“ til „sjúklingur á sjúkrahús“ virki sem best með hagsmuni þolenda í huga. Endanlegt markmið er að auka öryggi í flugi á Íslandi.

4 Undirbúningur og framkvæmd

4.1 Þriðjudagur 17. maí

Á þriðjudeginum var haldið fundur í húsi björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð. Þetta var námskeið fyrir þá sem búa á Reykjavíkursvæðinu og ætla að leika sjúklinga á æfingunni.

4.2 Miðvikudagurinn 18. maí

Á miðvikudeginum fyrir æfinguna var haldinn skrifborðsæfing. Aðgerðastjórn var í húsnæði AS, verkþáttastjórnar einnig í sama húsi en vettvangsstjórn í vettvangsstjórnarbil utanhúss. Æfingin gekk þökkalega fyrir sig og sannaði enn nauðsyn slíkra æfinga. Óviðunandi var að aðhlyningarstjóri mætti ekki og einnig var aðstaða verkþáttastjóra sem unnu við uppsettan vettvang of lítil til þess að hún gengi upp. Á næstu æfingu verður að breyta til og tryggja að allir stjórneiningar hafi nægilegt rými og að öll samskipti milli eininga fari fram á Tetra en það er aðeins hægt að lausnareiningar séu ekki í hlustunarfæri hvor við aðra. Til dæmis verður söfnunarsvæði slasaðra (SSS) að vera í sér herbergi.

Seinnipart sama dags var haldin fræðslufundur í Háleitisskóla í Ásbrú en á þann fund voru boðaðir allir þeir sem tækju þátt í æfingunni. Haldnir voru stuttir fyrirlestrar um efni sem á einn og annan hátt snéru að æfingunni svo sem fjarskipti, þyrluumgengni, rannsókn flugslysa, heilbrigðismál og fleira. Mæting var allþökkaleg. Það er þó ljóst að þetta er ef til vill ekki rétta aðferðin til þess að ná til flestra sem taka þátt. Það eru miklar fjarlægðir milli viðbragðsaðila á Kjalarnesi, Mosfellsbæ, Reykjavíkursvæðis og bæja dreifðra á Reykjanesi og tæplega hægt að ætlast til eða búast við að margir leggi slíkt ferðalag á sig og það tvisvar. Líklega væri betra að sleppa slíkum fundi en nota þær leiðir sem „allir“ nota til að mynda Fésbókina til þess að ná til sem flestra með upplýsingar og fræðsluefni sem snýr að björgunar- og viðbragðsaðilum.

Um kvöldið var í björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð haldið námskeið

Miðvikudeginum lauk með námskeiði í slysaforðun og haldið var haldið í húsnæði Björgunarmiðstöðvarinnar í Skógarhlíð. Þarna voru þeir mættir sem sú um forðun sjúklinga á æfingunni og einnig sjá þeir um eftirlit með leikurunum alla æfinguna og sjá til þess að öryggi og velferð þeirra sé gætt eins og hægt er.

4.3 Fimmtudagurinn 19. maí

Fimmtudag síðdegis var svo æfingin sett í Háleitisskóla. af lögreglustjóranum á Suðurnesjum, Ólafi Kjartani Helgasyni. Þar var farið yfir handrit æfingarinnar, vettvangsmál, öryggismál, gesta prógram og stjórnun og bakland æfingarinnar.

Deginum lauk með kynningu fyrir þá sem búa á Reykjanesvæðinu og ætla að leika sjúklinga á æfingunni.

4.4 Laugardagurinn 21. maí

Æfingin hófst nokkru seinna en áætlað hafði verið. Orsökina var seinkun á að koma sjúklingum fyrir á æfingarsvæðinu. Leikararnir voru alls 110 talsins og mikil vinna er að halda utan um forðun, fóðrun, merkingar, kennslu í hegðun miðað við áverka og flutning á slysað og að koma hverjum og einum á þann stað sem ákveðið hafði verið.

Slysavettvangurinn var NV brautarenda 02 í gömlum malarnámum. Þarna var ákjósanlegt svæði sem bauð upp á ögrandi uppsetningu slysaðar. Okkar menn höfðu komið fyrir rútubíl við enda stórs skurðar sem þeir höfðu grafið og átti að vera ummerki eftir flugvélin. Vítt og breytt loguðu eldar í

bíflökum og olíueldar á nokkrum stöðum og á einum stað var komið fyrir stórum lið-strætisvagni sem hluta flaks. Í heildina var vettvangurinn gerður af metnaði með það í huga að hann gæti bæði endurspeglað hugsanlegan slystað og verið um leið ögrandi verkefni fyrir alla þær viðbragðsæiningar sem mæta myndu á staðinn.

Æfingin hófst klukkan tíu með boðun flugturns „hættustig-rautt“ um klukkustund áður en til stóð að viðbragðsaðilar mættu á slystað. Þetta var gert til þess að allir þátttakendur æfingarinnar væru mættir á sína pósta og til í slaginn. Þetta var æfingarlegs eðlis til þess að raunverulegur tímamismunur viðbragðsaðila yrði ekki til þess að æfingin væri langt liðin þegar þátttakendur sem lengst þurftu að sækja mættu. Í stórum dráttum gekk æfingin vel fyrir sig en ekki hnökralaust. Langur tími leið þar til vettvangurinn var lýstur öruggur og biðu viðbragðssveitir uppundir einn og hálfan klukkutíma aðgerðarlausir. Æfingarlega gerði æfingin sitt gagn og hafa ber í huga að þetta var stór æfing með stórum vettvangi og miklum fjölda sjúklunga.

4.4.1 Helstu tímasetningar

10:00 Bjargir mæta á MÓT

10:07 Óvissustig boðað af turni – hitaviðvörðun í hreyfli

10:35 Hættustig, reykur í flugstjórnarklefa

10:50 Neyðarstig, eldur í hreyfli

11:26 Brotlending

12:06 Vettvangur tryggur

12:13 Yfirlit yfir fjölda slasaðra á vettvangi

13:17 Síðasti sjúklingur komin úr flaki

13:43 Allir þolendur farnir af SLY

14:40 Björgun lokið, vettvangur afhentur rannsókn

14:52 Æfingu lokið

Söfnunarsvæði. Söfnunarsvæði sjúklunga hefur verið flutt úr skýli Icelandair og í skýli Landhelgisgæslunnar (831). Þetta er gríðarstórt skýli þar sem öll ökutæki geta ekið inní til lestunar eða losunar á sjúklingum. Búið var að undirbúa hluta þess sem móttöku og greiningarstöð og búa það búkkum og ýmsum smærri búnaði auk þess að merkja svæðin vel. Miðað við gefnar forsendur reyndist söfnunarsvæðið of lítið og mynnti um margt á vandann sem við var að glíma á síðustu æfingu. Auðvelt ætti að vera að bæta út ágöllum á nýja svæðinu þar sem það gefur mikla möguleika.

Söfnunarsvæði aðstandenda er í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Icelandair hafði þar mikinn viðbúnað ásamt Rauða krossinum. En líkt og á síðustu hefði þurft fleiri aðstandendur til þess að skapa raunverulegt álag þótt kerfislega hafi það gengið upp.

Landhelgisgæslan kom með Dash vél sína og lagði henni fyrir utan Söfnunarsvæði slasaðra. Lék hún hlutverk flugbrúar í æfingunni. Einnig var gæslan með þylu og flutti hún nokkurn hóp sjúklunga frá söfnunarsvæði yfir á ætlað sjúkrahús sem var Háaleitisskóli í Ásbrú.

4.5 Niðurstaða æfingastjórnar.

Æfingin gekk í heildina vel og hafði ótvírætt æfingargildi. Ýmsir hnökrar komu upp. Slíkt er fullkomlega eðlilegt. Greina þarf á milli hnökra sem voru einungis æfingarlegs eðlis og þeirra sem voru kerfislegs eðlis. Að þessu sinni var ekki haldinn rýnifundur heldur bauðst öllum þátttakendum að taka þátt í skoðunarkönnun á „netinu“ í lok æfingar þar sem þeir gátu tjáð sig um árangur æfingarinnar og gefið henni einkunn.

4.6 Æfingastjórn

Æfingastjórn fundaði vikulega í maí mánuði og hálfsmánaðarlega í apríl mánuði. Æfingastjórn skipuðu

Bjarni Sighvatsson æfingastjóri

Rögnvaldur Ólafsson Almannavarnardeild

Friðjón Viðar Pálmason

Friðfinnur Fr. Guðmundsson

4.7 Þátttaka

615 þátttakendur voru skráður til leiks á æfingunni. Sem gerir æfinguna líklega þá stærstu sem haldin hefur verið hér á landi af innlendum viðbragðsaðilum fyrir innlenda viðbragðsaðila. Gera má ráð fyrir að þessir aðilar hafi skilað 5500 tímum í undirbúning og framkvæmd æfingarinnar, eða tæplega þrjú ársverk.

4.8 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

Handrit æfingarinnar var gert í samvinnu æfingastjórnar, flugleiðsögusviðs Isavia, Icelandair og Rannsóknarnefnd Samgönguslysa.

Air Accident Training – BIKF 21. May 2016

Training script

Occurance report:

At 10:00 AM, at 6250N009W and at FL380, OYRNF contacted Reykjavik Control (ATC) to advise that they had received a heat warning from the left engine and they requested to divert back to Keflavik. ATC acknowledged and recleared the flight direct to SOPAR and to descend to FL350. Reykjavik asked OYRNF on number of souls on board and also asked them to notify if there were any further developments. OYRNF replied that they had 144 passengers and 6 crewmembers, total 150 SOB.

OYRNF was a Danish civil registered aircraft and had departed Keflavik Airport (BIKF) at 09:10 and was flying the cleared Flight Plan route from BIKF (Keflavik, Iceland) to EKCH (Copenhagen, Denmark).

Subsequently Reykjavik informed Keflavik Tower of the diversion.

Keflavik activated the **Keflavik Airport Emergency Plan** and sent out the following advisory message via TETRA: „**Keflavík turn með boðun! Keflavíkurflugvöllur, Óvissustig Rautt, Boeing 737 með 150 manns um borð með hitaaðvörðun í vinstri hreyfli**“. (*Keflavik Airport - Uncertainty Phase – Red – Boeing 737 airplane – 150 souls on board, heat warning from left engine*).“

At 10:15 ATC contacts OY-RNF and requests information on the fuel status up on landing. The flight crew asks ATC to hold while they check the information.

At 10:18 the flight crew advises ATC that they now experience unusual vibration as well as the heat warning from engine #1 (left) is still above its normal parameters and they are reviewing the QRH procedures. They also inform Reykjavik that they expect to have around 7 tons of fuel on board when they land in Keflavik.

Reykjavik forwarded latest information to Keflavik Tower via TETRA KEF CRASH.

At 10:27, while located at 6331N016W and at FL350, OY-RNF declares „**PAN-PAN-PAN, OYRNF smoke entering cockpit and passenger cabin.**“

Reykjavik forwards this information to Keflavik Tower, who raises the level of the incident to DANGER level by sending out an alert message, via TETRA „**Keflavíkurflugvöllur, HÆTTUSTIG rauður, Boeing 737, 150 manns um borð, reykur í stjórnklefa og farþegarými, eldsneyti 7 tonn við landingu.**“ (Keflavik Airport - Alert Phase – Red – Boeing 737 airplane – Smoke in cockpit and cabin – 7 tons of fuel up on landing).


At 10:47, while located at 6341N02121W at FL100, OY-RNF declares, **MAYDAY-MAYDAY-MAYDAY OY-RNF - Fire in left engine - Heavy accumulation of smoke in cockpit – Flight crew on oxygen.**“

Reykjavik forwards this information via TETRA KEF Crash and Keflavik Tower, raises the level of the incident to DISTRESS level by sending out an alert message, via TETRA „**Keflavíkurflugvöllur, NEYÐARSTIG rauður, Boeing 737, 150 manns um borð, eldur í vinstri hreyfli, mikill reykur í flugstjórnarklefa.**“ (Keflavik Airport - Distress Phase – Red – Boeing 737 airplane – 150 souls on board – fire in left engine, heavy smoke in cockpit)

At 10:58, while the airplane is on final approach for RWY 01 at BIKF, the flight crew notifies the Keflavik ATCO that they have not been able to shut off the fire in engine #1 and request the fire bridgata to be ready. The flight crew also advises the ATCO that there is thick smoke in cockpit and that they have difficulties monitoring their instruments and locating the runway due to heavy smoke accumulation in the cockpit.


The ATCO officer locates his binoculars and looks towards the touchdown end of runway 01. He has some difficulties locating the airplane in the air above the runway end and therefore zooms out. Immediately he notices the landing lights of the airplane located very low in the air west of the runway on a leftward heading. The ATCO advises the flight crew that they are too low and left of the runway. They should correct to the right or perform a go-around.

At 11:00 the airplane crashes a short distance west of the threshold of RWY 01.






Dual Class -162 Passengers

12 First Class - 36 in. Pitch
150 Economy Class – 32 in. pitch



(FPL-OYRNF-IS
 -B738/M-DE3FGHIJ1RSWXY/LB1
 -BIKF0900
 -N0450F360 OSKUM DCT 63N010W DCT GUNPA/N0449F370 P610 ZOL L621 AAL T551 TESPI
 -EKCH0248 ESMS
 -PBN/A1B1D1S2 DOF/160504 REG/OYRNF EET/BIRD0100 SEL/ASJM
 CODE/478381 RVR/200 OPR/Air Charter Inc. SEL/ABCD)








4.9 Veður



Veðurfarsýfirlit

Keflavíkurflugvöllur maí 2016

dagur	meðalhiti (°C)	Hámark (°C)	Lágmark (°C)	Úrkoma (mm)	Úrkomutegund	Snjódypt (cm)	Snjóhula (0-4)	Sólskin (klst)	Meðalvindur (m/s)	Mesti vindur (m/s)	Hviða (m/s)
1	3.5	6.2	2.0	1.9	ri	0	0		2.1	4.1	5.1
2	4.8	7.9	2.6	3.7	ri	0	0		6.6	12.9	16.5
3	5.1	7.7	2.5	0.0		0	0		10.2	15.4	20.6
4	5.4	9.6	3.0			0	0		11.1	14.4	18
5	3.4	7.3	3.2	0.9	ri	0	0		11.9	14.9	19
6	4.0	6.7	2.2	0.0		0	0		7.6	10.8	13.4
7	5.5	9.0	2.3	0.1	ri	0	0		7.1	11.3	14.9
8	5.5	8.6	3.1			0	0		2.6	4.1	7.7
9	6.3	9.0	3.1	2.0	ri	0	0		3.8	6.2	9.3
10	5.8	8.9	4.3			0	0		5	7.2	9.3
11	6.4	8.6	4.9	0.1	ri	0	0		7.1	9.8	12.9
12	6.6	8.7	4.3	0.0		0	0		5.5	8.8	10.8
13	7.1	9.2	4.7	0.0		0	0		4.9	6.7	8.8
14	6.8	9.2	5.6	0.6	ri	0	0		4.7	7.2	9.3
15	6.4	9.0	5.4	0.2	ri	0	0		4.3	6.2	8.2
16	7.4	11.3	5.6			0	0		5.9	10.3	12.9
17	5.3	9.4	4.4	0.0		0	0		4.2	6.7	8.2
18	5.6	8.8	3.5	2.9	ri	0	0		4.7	7.2	10.8
19	5.8	8.4	3.4	0.0		0	0		3.7	7.2	9.3
20	7.1	10.6	2.4			0	0		5.5	9.8	11.8
21	6.9	9.7	4.6			0	0		5.2	8.2	11.8
22	7.0	10.4	2.0			0	0		3.2	6.2	10.3
23	7.3	9.6	4.5	1.6	ri	0	0		5.8	9.8	12.4
24	8.3	9.8	7.3	0.8	ri	0	0		11.7	14.9	19.6
25	7.8	9.8	6.1	14.1	ri	0	0		9.6	15.4	21.1
26	7.7	9.3	6.9	1.5	ri	0	0		9.5	12.4	16.5
27	7.6	8.3	7.1	10.7	ri	0	0		11.2	13.9	18.5
28	8.8	10.5	7.1	18.3	ri	0	0		9.8	14.9	20.1
29	7.7	9.9	7.6	0.9	ri	0	0		6.6	9.8	12.4
30	7.7	10.4	5.2	0.3	ri	0	0		3	5.1	8.2
31	7.8	10.1	4.8			0	0		8.6	13.4	18.5



Meðalhiti (°C)	6.4
Frávik frá meðaltali 1961 - 1990 (°C)	0.3
Meðalhámarkshiti (°C)	9.1
Meðallágmarkshiti (°C)	4.4
Úrkomumagn (mm)	60.6
Hlutfall úrkomu af meðaltali 1961-1990 (%)	92.5
Meðalvindhraði (m/s)	6.5

5 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfingar. Það sem æfingastjórn hefur stundum séð á æfingum er að ekki er alltaf unnið skipulega að því að laga það sem betur mætti fara, en það er mikilvægt til skipulega sé gengið til verks. Ef frumgögn rýni eru skoðuð eru það sömu ábendingarnar sem koma víða fyrir og því hægt að seigja að þó upplifun manna getur verið misjöfn af einstaka þáttum æfingarinnar fer það ekki á milli mála þegar um endurtekna rýnipunkta er að ræða að útbóta er þörf.

Rýniferlið var með þeim hætti að öllum þátttakendum var boðið að rýna aðgerðina rafrænt. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram.


Úrlausnaraðilar. 105 úrlausnaraðili skilaði inn rýniskýrslu

Leikarar. 34 leikarar skiluðu inn rýniskýrslu.

Ráðgjafar. 8 ráðgjafar skiluðu inn rýniskýrslu

Eins og sjá má eru almennt góð skil á rýni og markmiðið með að fá meiri rýni frá almennum úrlausnaraðila hefur skilað sér. Eins og áður eigum við í vanda með að fá ráðgjafa til að skila inn rýni.

Eins má næst gefa verkþáttastjórum og stjórnendum kost á að merkja rýni sýna með stöðu en rýninn var alfarið nafnlaus þegar kom að leikurum og úrlausnaraðilum.



5.1 Ráðgjafar

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sér til halds og traust ráðgjafa, ráðgjafar voru staðsettir við hlið verkþáttastjóra og vettvangsstjórnar.

- 5.1.1 Ráðgjafi Vettvangsstjórnar.
- 5.1.2 Ráðgjafi björgunarstjóri
- 5.1.3 Ráðgjafi aðhlynning og fjöldahjálp
- 5.1.4 Ráðgjafi flutningsstjóra
- 5.1.5 Leikarar og förðun

5.2 Rýnifundur

Föstudaginn 3. Júní var haldin rýnifundur á Keflavíkurflugvelli þar sem boðaðir voru stjórnendur eininga og ráðgjafar. 15 manns mættu á fundinn þar sem æfingastjórn fór yfir samantekt rýnipunkta og einingar hvattar til að nota rýnipunkta æfingarinnar til að laga það sem laga ber, til að gera okkur en betri í því að takast á við krefjandi hópslys á flugvellinum.

5.3 Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar

Vert er að hafa í huga við lestur svona samantektar að í eðli sínu beinist hún meira að þeim þáttum sem betur máttu fara á æfingunni. Það er þó samdóma álit nánast allra sem að komu að æfingin, bæði skipulag og úrlausn hafi gengið afar vel fyrir sig.

Það er á höndum hvers aðila fyrir sig og aðgerðastjórnar að tryggja að laga það sem betur má fara í kjölfar æfingarinnar og afar mikilvægt að það sé gert.

5.3.1 Það sem vel var gert

Það er nokkuð sjálfgefið að óþarfi er að setja tillögur til úrbóta, eigandi og mikilvægi að sama skapi. Þó er mikilvægt að halda til haga þessum þáttum sem gengu frammar vonum.

Rýnipunktur	Tillaga að úrbótum	Eigandi	Mikilvægi
Góðir kynningafundir			
Vel að skipulagi æfingarinnar staðið			
Nýtt fjarskiptaplan ekki borist öllum björgunarsveitum			
Flugverndarhluti æfingarinnar gekk vel			
Raunveruleg æfing			
Förðun sjúklinga og uppsetning gekk vel			
Auglýst snemma til þátttakenda			
Handbók þátttakenda góð.			
Útkall og undirbúningur áður en farið var inn á flugvöllinn gekk vel			
Mikilvægt að lögregla á heima svæði sé með fulltrúa í æfingastjórn			
Mikill áhug viðbragðsaðila á æfingunni			
Erlendur þátttakandi í rannsókn fannst upplýsingar sem hann fékk fyrir æfingu ýtarlegar og góðar.			
Dagskrá var skýr			
Handrit æfingarinnar var gott			
Sjúklingar stóðu sig afar vel			

Flæði á SSS gekk afar vel og skipulag gott			
Góð innkoma LHG í söfnunarsvæði slasaðra, eitthvað sem ekki hefur verið áður en var mikilvægt			
Aðkoma Ícelandair var góð í skráningu ?			
Viðbragðsaðilar réðu vel við verkefnið			
Samskipti milli viðbragðsaðila gengu vel			
Samvinna var góð			
Fjarskipti gengu í heildina vel fyrir sig			
Góð stjórnun á SSS			
Slökkvistarf gekk almennt vel			
Stjórnendur yfirvegaðir og lausir við æsing, gáfu skilmerkileg fyrirmæli			
Breytt fjarskiptafyrirkomulag gott			
Samskipti milli eininga Ícelandair gengu vel			
Björgunar og lækna teymi unnu vel og voru fagleg			
Klippivinna í strætisvagni gekk vel og stjórnun á þeim vettvangi var góð			
Þegar sjúklingar fóru að fara frá vettvangi gekk það vel og hratt fyrir sig			
Þegar björgunarsveitir settu sig í samband við björgunarstjóra fóru hlutirnir að ganga á vettvangi og voru samskipti góð.			
Frumkvæði björgunarsveita á slysstað var til fyrirmyndar.			
Björgunarsveitarfólk kunnir almennt bráðaflokkunarkerfið vel			
Greiningarborð í SSS voru góð			
Góð hugmynd að hafa lífandi streymi frá æfingunni, slysstað og söfnunarsvæði			

5.3.2 Það sem betur hefði mátt fara

Rýnipunktur	Tillaga að úrbótum	Eigandi	Mikilvægi
Ábending um að hafa upplýsingasíðu á netinu um spurningar og svör tengdar æfingunni	Uppfæra æfingaskipulag	Æfingastjórn	Grænn
Gott hefði verið í handbók til þátttakenda að hafa loftmynd af Patterson flugvelli sem þjónaði sem MÓT fyrir	Uppfæra æfingaskipulag og handbók þátttakanda	Æfingastjórn	Grænn

bjargir á höfuðborgarsvæðinu			
Vegna aðkomu flugfélaga og áhafnar er mikilvægt að vita með rúmum mánuði fyrirfram með staðsetningar og tímasetningar	Koma flugfélögum sem taka þátt meira inn í skipulag og fyrir.	Æfingastjórn	Gulur
Flugfélög sem taka beinan þátt ættu að koma fyrir að undirbúningsferlinu	Laga skipulag æfinga	Æfingastjórn	Gulur
Vantaði aðstandendur til að æfa sameiningu farþega og ættingja, skipuleg sem sett var upp gekk ekki	Laga skipulag æfinga	Æfingastjórn, Rauðikrossinn og flugfélög	Gulur
Vantaði leikara til að leika aðstandendur	Laga skipulag æfinga	Æfingastjórn, Rauðikrossinn og flugfélög	Gulur
Aðilar sem eru að vinna saman á æfingunni tali saman einhverju fyrir æfinguna	Laga skipulag æfinga með því að gefa meiri tíma fyrir þetta en æfingar eru hugsaðar fyrir þetta	Allir og æfingastjórn	Gulur
Dagskrá hefði mátt þetta í aðdraganda æfingar, ekki hafa tvo daga	Á við á sumum æfingum og verður að uppfæra skipulag æfinga í samræmi	Æfingastjórn	Gulur
Aðföng vegna flutninga, ss börur og bretti vantaði þegar lengra kom inn í æfinguna.	Spurning um að koma upp „lager“ björgunarbúnaðar á slysstað	AST	Gulur
Stilla betur af þær bjargir sem eru komnar á svæðið og þær sem eru á leiðinni	Með virku fjarskiptaskipulagi ætti þetta að smella saman	AST/AVD	Gulur
Mikilvægt að allir viðbragðsaðilar viti á hvaða talhópi þeir eiga að vera.	Uppfæra þarf fjarskiptaskipulag FFK, Talhópur á að koma í fyrstu boðum	AST/AVD/112	Rauður
Ekki nein fjarskipti á talhópnum útkall svæði 1. Ekki allar sveitir með á nótunum að um breytt fjarskiptaskipulag væri tekið gildi	Tengist áður fram komnum punktum um að uppfæra núverandi skipulag	AST/AVD	Rauður
Upplýsa betur hvaða farartæki hafa skilyrðislausan forgang til og frá slysstað, þessu farartæki þarf að merkja sérstaklega	Skoða hvort raunhæft sé að skilgreina fasa aðgerðar og þar að leiðandi forgang	AST/AVD	Gulur

	ákveðinna ökutækja umfram annarra.		
Betri þjálfun og menntun fyrir verkþáttastjóra fyrir æfingu	Öllum viðbragðsaðilum er boðin fræðsla í aðdraganda æfingar aðeins lögregla þáði fræðslu og var hún framkvæmd. Spurnin um að fara yfir með VST og verkþáttastjórum skipulag og vinnutilhögun saman	AST/AVD	Gulur
Hefði þurft að huga að því að leikarahópurinn færi ekki á eitt svæði?			
Ósamræmi í farþegafjölda á æfingunni og það sem kynnt hafði verið	Mistök í skipulagi	Æfingastjórn	Grænn
Ósamræmi í því sem hafið verið kynnt varðandi boðstig í upphafi æfingar og því sem raun var á.	Mikilvægt er að það eigi sér stað umræða um boðstigin, merkingu og hvort sama boðstig sé endilega um borð í flugvél og á flugvöllinum.	AVD/Isavia	Rauður
Meira skipulag fyrir æfingu og meira af upplýsingum.	Nota meira samfélagsmiðla og SMS til að miðla upplýsingum í aðdraganda æfingar	Æfingastjórn	Gulur
Gott að hafa fleiri æfingar fyrir lögreglumenn til að æfa hlutverk og flæði.	Frekari þjálfun og æfingar eru alltaf af hinu góða	Lögreglan á Suðurnesjum	Gulur
Vantar að hafa tiltæk mikilvæg símanúmer og hlutverk tld hvert hlutverk lögreglu er í að tryggja öryggi á vettvangi og á fleiri stöðum	Meðvituð ákvörðun að símanúmer séu ekki partur af FFK og að öll mikilvæg samskipti fari í gegnum TETRA. Ef viðbragðsaðilar eru með skipulag í gegnum síma halda þeir sjálfir utan um símanúmer.	Allir	Grænn
Vantar meiri stjórnun og aga hjá viðbragðsaðilum	Betri þekking á hlutverki hvers og eins í FFK gæti verið lausnin hér	Allir	Grænn

Björgunarsveitir voru mættar á æfinguna kl 10:00 en voru ekki að fara í verkefni fyrir en 12:30	Kemur inn á skipulag æfingar og það að hlutatryggja vettvang.	Æfingastjórn/Isavia	Gulur
Fræðslufundi mætti senda út á netinu	Kaupa búnað og laga til skipulag funda	Æfingastjórn	Grænn
Uppfæra þarf kort á vef kefairport.is og á vef almannavarna með réttum starfssvæðum	Uppfæra þarf gögn	Isavia/AVD	Rauður
Þátttaka hefði mátt vera betri frá björgunarsveitum á höfuðborgarsvæðinu	Þátttaka stóðst væntingar og vel það, rétt er þó að miðað við þann fjölda björgunarmanna sem er skráður á svæðið hefði þátttaka mátt vera betri	Slysavarnafélagið Landsbjörg	Grænn
Ekki var gott að átta sig á hvaða talhópar voru notaðir			
Lítill mæting björgunarsveitafólks á undirbúningsfundi og spurning hvort björgunarsveitarfólk telji fundina aðeins fyrir fagfólkið, mætti því koma skýrar fram hverjir eiga að mæta á þessa fundi.	Oft hefur verið takið fram á dagskrá hverjir eiga að mæta hvar. Einnig að nota samfélagsmiðla meira.	Æfingastjórn	Grænn
Mætti vera fræðsla um flugslysaáætlunina sjálfa í aðdraganda æfingarinnar	Viðbragðsaðilum var bent á að koma með hugmyndir að fræðslu í aðdraganda æfingar. Ekki kom ábending um þetta. Spurning hvort atriði á fundum með fulltrúum viðbragðsaðila er að skila sér til allra	Allir	Grænn
Hefði mátt vera fræðsla um bráðaflokkun og áverkamat	Viðbragðsaðilum var bent á að koma með hugmyndir að fræðslu í aðdraganda æfingar. Ekki kom ábending um þetta. Spurning hvort atriði á fundum með fulltrúum	Allir	Grænn

	viðbragðsaðila er að skila sér til allra		
Mikilvægt að hafa þessar æfingar oftár fjögur ár á milli er langur tími og ef litið er til þess að ekki sé mætt á eina æfingu eru einstaklingar að fá svona æfingu á 8 ára fresti, æfa þarf mun oftár.	Kostnaður hamla skipulagi viðamikilla æfinga oftár en raun er. Stjórnunareiningar æfa allavega einu sinni á ári og hópar sinna sínum sérverkefnum. Spurning um minni æfingar með meiri tíðni	AVD/Isavia/Allir	Grænn
Erlendur þáttakandi hefði viljað fá meira af upplýsingum á ensku	Miðast er við að allt efni sé á Íslensku líkt og FFK og svo úrdráttur á ensku ef þurfa þykir.	Þeir sem voru með erlenda þátttakendur	Grænn
Blár 2-0 ekki nógu mikið notuð og vantaði upplýsingar á hana	Nýr talhópur og nýtt skipulag sem þarf að festa sig í sessi og FFK þarf að taka mið af.	AVD	Gulur
Reikna með salernisaðstöðu fyrir þátttakendur	Mikilvægt að hvort sem er á æfingum eða aðgerðum sé til staðar skipulag svo 150-250 manns geti notað salerni	Isavia	Gulur
Sjúklingar hefðu mátt vera með tilbúin lífsmörk til að hægt væri að fylgjast með í keyrslu á milli staða	Raunveruleg lífsmörk átti að taka og ef sjúklingi væru sögð raunveruleg lífsmörk átti hann að gefa upp æfingalífsmörk. Setja inn í handbók fyrir þátttakendur	Æfingastjórn	Grænn
Yfirhersla áhafnar var fyrir framan alla á grænu svæði, mikilvægt að hún sé aðskilin eins og hægt er frá farþegum	Skilgreina þarf starfssvæði fyrir áhöfn þar sem fram fer meðal annars upplýsingaöflun. Einnig þurfa kröfurnar að vera ljósar með hvernig eigi að meðhöndla áhöfn ef það á að gera með öðrum hætti en aðra þolendur.	Lögregla/Isavia/flugfélög	Gulur

Allt sem snýst um farþega eftir að þeir fara frá SSS vantar í áætlunina/kerfið	Uppfæra þennan þátt í FFK	AVD/AST	Gulur
Afar erfið aðstaða fyrir græna á efri hæðum í 831	Finna annað svæði fyrir græna eða bæta aðstæður	Isavia/LHG	Gulur
Mikilvægt að hafa lögreglumenn á SSS til að sinna öryggisgæslu	Gæslustjóri þarf að tryggja öryggisgæslu ásamt talningu meðal annars á SSS	Lögreglan/AST	Gulur
Vantar vaska á SSS, rennandi vatn, og vatnsflöskur, drykkjarílát	Skoða þarf aðstöðu og finna lausnir á þessu	Isavia/AST	Gulur
Endurhanna þarf að einhverju leiti MÓT, færa gám, breikka hlið og laga aðkomu að hliði	Endurhanna og gera viðeigandi breytingar	Isavia	Gulur
Þegar björgunartæki stoppa um lengri tíma í SSS truflar það flæði annarra tækja sem eru að taka eða koma með slasaða	Skrifa verklag og koma upp biðsvæði tækja og búnaðar við SSS	AST	Gulur
Vantar hugsanlega að skilgreina biðsvæði tæka og búnaðar fyrir utan SSS	Sjá að ofan		
Betri aðskilnaður gesta, observera og þátttakenda	Laga skipulag æfinga setja fjöldatakmarkanir og merkja betur svæði og gesti.	Æfingastjórn	Grænn
Fráflæði sjúklinga í SSS hefði mátt vera betra	Skoða skipulag SSS og flutnings sem oft ræðst af ytri aðstæðum. Reikna má með að slasaðir fari seint af SSS í raun atburði.	HSS/aðhlyningarstjóri/AST	Gulur
Slökkvistarf hefði mátt ganga betur fyrir sig	Skoða verklag flugvallarþjónustu, björgunarstjóra og skipulag æfingar, hugsanlega ræður miklu að hlutir í æfingu líkir ekki til flugvélaparta og því ekki auðvelt að forgangsraða	Isavia	Gulur
Talning stemmdi ekki, æfingalegs eðlis þar sem fleiri „farþegar“ voru	Bæta verklag skipulags æfinga	Æfingastjórn/ráðgjafar	Gulur

settir á vettvang heldur en farþegalisti gaf til kynna			
Samþætting verkþátta gekk ekki nógu vel	Skoða hlutverk verkþátta, menntun þeirra, staðsetningu VST sem samræmingaraðila verþáttastjóra ofl	AST/AVD	Gulur
Vantaði alla stjórnun á slystað og mikil glundroði ríkti þar.	Skoða verklag og menntun björgunarstjóra	Isavia/AVD	Gulur
Flutningsstjóri fór frá MÓT en setti ekki neinn yfir þar	Skoða skipulag verkþáttarins	Lögregla/AST	Gulur
Sjúklingar sem lokið höfðu leik voru farnir að ráfa um 831	Fara yfir skipulag sjúklunga	Isavia	Grænn
Betra skipulag vantaði á vettvang um hvar átti að hlaða í bíla	Skoða verklag björgunarstjóra og flutningastjóra	AST/AVD	Gulur
Betri stýringu bjarga vantaði á vettvang, aðilar fundi sér verkefni en vissu ekki hvort þau verkefni væru í forgangi			
Flugstjóri handtekin, hver eru rökkin fyrir slíku.	Skoða verklag og skyldur lögreglu	Lögregla	Gulur
Vantaði mat fyrir marga svanga	Björgunarmenn eiga að vera búnir fyrir útkall og er þá sama um hverja ræðir. Aðilar sem ekki voru partur af viðbragði fengu mat sem hluti af skipulagi æfingarinnar	Allir	Grænn
Ekki allir bráðaflokkaðir og vantaði spjöld á suma	Skoða þarf bráðaflokkunar hluta FFK og verklag björgunarstjóra	AST/AVD	Rauður
Notkun þyrllu ekki nógu skipulögð, flutningar voru fáir og aðeins í lok æfingar, vantaði greinilega skipulag við þann hluta.	Skoða þarf skipulag FFK með það að markmiði að aðili sé settur í skipulag og flutninga með loftförum	AST/AVD	Rauður
Notkun á pappírshjörgum er ekki að virka á lifandi æfingu	Ávalt er verið að laga skipulag og reyna að útrýma eins og hægt er pappírshjörgum.	Æfingastjórn	Grænn

Farþegalisti virðist hafa farið víða	Skipulag æfingarinnar gerði virkaði ekki nógu vel þegar kom að því að samræma þátttöku margra þjónustuaðila	Æfingastjórn	Grænn
Ekki samræmi milli farþegalista og raun farþega, vantaði td. áhöfn á listann.	Áhöfn er ekki á farþegalista og því um eðlilegan mismun að ræða hvað það varðar, en farþegalistinn var ekki í samræmi við þá sem voru á vettvangi og því um mistök við skipulag að ræða	Æfingastjórn/Umsjón leikara	Grænn
Einhverjir farþegar sagði ofleika, sérstaklega geðshræringu og ekki raunverulegt að lögregla þurfi að standa í handalögmálum við fólk í slysi	Skoða hlutverk leikara með þetta í huga með það að marmiði að leikur taki eins mikið mark á raunveruleikanum eins og hægt er.	Æfingastjórn/Umsjón leikara	Grænn
Huga verður að myndatökum og myndbirtingum af leikurum og þjörgunarfólki á æfingum. Rétti leikara og úrlausnaraðila þegar kemur að fréttáflutningi og myndbirtingum	Myndataka og myndbirtingar hafa þjálfunar og upplýsingagildi en upplýsa verður alla þátttakendur á æfingunni með hvaða hætti slíkt er gert	Æfingastjórn	Gulur
Staðarslökkvilið hefði mátt vera með virkari þátttöku og meiri þekkingu á þeim verkefnum sem þeir áttu að sinna.	Tryggja aðkomu staðarslökkviliðs að fræðslu, skoða verkferla og menntun slökkviliðsmanna	Slökkvilið Suðurnesja	Gulur
SSS getur verið lengra frá slysstað en á þessari æfingu og mikilvægt að nóg sé af flutningstækjum	Setja rútur inn í skipulag FFK	AST/Isavia	Rauður
Bráðaflokkunarspjöld voru að detta af sjúklingum	Tryggja góðan fjölda æfingaspjalda á stórum æfingum og góða dreifingu þeirra á þá sem eru að bráðaflokka	AVD/	Gulur
Bráðaflokkun var ekki nægjanlega góð og þarf meira skipulag á henni			

Boðun frá 112 misfórst og allir fengu ekki boð sem áttu að fá	Fara yfir boðunaráætlun skoða boðunarskýrslu	AST/AVD	Rauður
Stærra MÓT skilti		Isavia	Grænn
SST virkaði ekki nógu vel stofnanir sinna ákveðnum verkþáttum í staðin fyrir að horfa á hvaða einstaklingar eru mættir og raða þeim eftir því hvar þeir nýtast best.	Skoða skipulag og verklag	AVD	Grænn
Ekki var gengið í aðhlyningu af öllum viðbragðsaðilum, þolendur biðu oft lengi eftir einhverri hjálpi meðan viðbragðsaðilar stóðu hjá.	Upplýsa þátttakendur um hlutverk þeirra þar sem það er frekar líklegt að um æfingalegan hlut sé að ræða	Allir	Gulur
Samskiptaleiðir ekki nógu skýrar við viðbragðsaðila.	Skoða hversu skírt skipulagið sé í FFK og hvort almennur björgunaraðili viti við hvern hann á að vara í sambandi á ákveðnum stigum aðgerðarinnar	AST/AVD	Gulur
Vantaði betri samræmingu verkþátta og björgunareininga. Hópar unnu verkefni eftir sinni sannfæringu en var ekki stýrt í verkefni	Verklag björgunarstjóra	Isavia/AVD/AST	
Þarf að rýma mesta hættusvæðið strax af sjúklingum á öruggara svæði	Skoða eðlilegt skipulag á vettvangi.	Isavia/AVD/AST	Gulur
Ekki aðstaða til staðar fyrir sjúklinga að þrifa sig			
Hætt við að kalt sé á SSS ef aðstæður hefðu verið erfiðari	Skoða vinnulag við aðstöðu.	Isavia/LHG	Grænn
Ekki gott að unnið sé við rauða sjúklinga á gólfi	Skoða búnaðarlausnir	Isavia/HSS	Gulur
Misskilningur með notkun á Bláum 2-0 hvernig hann er notaður og hvenær á að fara á aðra talhópa			
ALVARA ALVARA – setja meira skipulag um það og hvað ber að tilkynna og hvað ekki, tld smá	Laga skipulag og handbók æfingar	Æfingastjórn	Gulur

Óþægindi leikara eða á bara að tilkynna meiri háttar atvik.			
Ekki tekið á móti slösuðum á svæðum innan SSS	Skoða skipulag með tilliti til stjórnunar innan SSS	HSS/AST	Rauður
Björgunarmenn oft óvirkir stóðu hjá í staðin fyrir að taka virkan þátt.			
Vantaði fleira fólk til að sinna grænum	Skoða skipulag FFK	HSS/RKÍ/aðhlyningarstjóri/AST	Gulur
Björgunarstjóri á að útteila verkefnum á slysstað			
Safna hefði mátt búnaði viðbragðsaðila á einn stað á slysstað.			
Björgunarstjóri oft búin að biðja um mannskap á vettvang án þess að viðkomandi aðilar væru sendir á slysstað.	Tryggja þarf samræmingu verkþáttastjóra og tryggja eðlilegt flæði bjarga	AST	Gulur
Tilgangslaust er að kalla í fjarskipti á „björgunarsveitir“ hver á að svara slíku þegar stjórnkerfi björgunarsveita fer inn í stjórnkerfi aðgerðarinnar.	Verklag og fræðsla viðbragðsaðila á FFK	Allir/AVD/AST	Gulur
Björgunarsveitarfólk verðu að taka með sér fjölbreyttan búnað í verkefni sem þetta, ekki bara fyrstuhjálparbúnað heldur líka spotta og leitarbúnað ss GPS tæki.	Upplýsa og fræða björgunarfólk, hugsanlega tillaga í FFK að búnaði	Allir	Grænn
Vantar skipulag fyrir fjarskipti einstakra hópa sem eru að vinna í verkþáttum.	Skoða hvort fjarskiptaskipulag þurfi að greina neðar en vinnuhópar verkþátta	AST/AVD	Gulur
Vantaði að skipa einhvern sem væri yfir skipulagi flutninga frá slysstaðnum.	Skoða undirverkþætti verkþáttastjóra	AST/AVD	Rauður
Upphafs talhópur kom ekki fram í fyrstu boðum	Skoða verklag 112 og turns	Isavia/112/AST/AVD	Gulur
Of miklar tafir í MÓT og óraunverulegt að halda aftur af björgum þegar alvarlega slasað fólk er í tugatali á vettvangi	Teikna upp flæði bjarga og þarf að skoða í samhengi við verlag verkþáttastjóra.	AST/VST	Gulur

<p>Observers og gestir eiga ekki að fara inn á æfingasvæðið.</p>	<p>Endurskoða skipulag æfingar, vera með sér merkt svæði fyrir gesti og observera, merkja þá betur og takmarka fjölda. Þess bera að geta að observerar hafa mikilvægt fræðslulegt gildi og við verðum að tryggja þeim aðgengi á réttum stöðum á réttum tímum.</p>	<p>Æfingastjórn</p>	<p>Grænn</p>
<p>Björgunaraðilar tóku ekki lífsmörk heldur spurðu beint sjúklinga</p>	<p>Upplýsa og fræða en frekar úrlausnaraðila og sjúklinga um mikilvægi þess að taka lífsmörk</p>	<p>Allir</p>	<p>Gulur</p>